



## **Umsókn um aðild að SALM, Félagi sálmeðferðarfræðinga á Íslandi**

Sótt er um aðild til formanns/annars fulltrúa SALM á [salm@salm.is](mailto:salm@salm.is) þar sem fram kemur: afrit af einu af neðangreindu 12 skjölum (sem er eina faglega skilyrði aðildar), nafn, kennitala, heimilsfang, farsími, stutt yfirlit yfir menntun, starfsreynslu, sérhæfingu og markhóp meðferðarvinnu. Ekki er óskað eftir ferilskrá. SALM hefur samband við umsækjanda sem kemur með **frumrit** af **einu** af eftirfarandi 12 skjölum til fulltrúans sem gerir staðfest ljósrit. Skjalið þarf að vera á tungumáli sem stjórn SALM skilur.

### Nám frá Evrópu:

1. Skírteini um námslok frá *menntastofnun* sem er samþykkt af Evrópusamtökunum EAP ([EAPTI stofnun](#)).
2. Skírteini um námslok frá *menntastofnun* sem viðkomandi landsfélag ([NAO stofnun](#), meðlimur í EAP), samþykkir eða samþykkti á tíma útskriftar.
3. Skírteini um námslok frá *menntastofnun* sem UKCP í Bretlandi samþykkir eða gerði á tíma útskriftar; „[UKCP College](#)“.
4. Skírteini um *ECP Evrópuvottunina* frá EAP, í gildi eða útrunnið.
5. Skírteini um *aðild að landsfagfélagi* sem er meðlimur í EAP ([NAO stofnun](#)) í gildi eða útrunnið.
6. Skírteini um *aðild að landsfagfélaginu* UKCP í Bretlandi, í gildi eða útrunnið.

### Nám frá USA:

7. Skírteini um námslok: MS í Counseling Psychology frá viðurkenndri menntastofnun.
8. Skírteini um námslok: MS í Marriage and Family Therapy frá viðurkenndri menntastofnun.
9. Skírteini um námslok: MS í Clinical Mental Health Counseling frá viðurkenndri menntastofnun.
12. Bandarískt starfsleyfi í 7, 8 eða 9. Gilt eða útrunnið.

**Sé ekkert þessa 12 skjala til staðar** þarf umsækjandi að leggja fram nákvæm gögn um innihald og lengd náms, gögn sem sýna að námið samrýmist öllum skilyrðum sem greint er frá í kafla III í aðildarreglum SALM. Vinsamlega hafið samband við SALM vegna þessa. Þetta á við um nám sem var aflað utan Evrópu og USA og evrópskt og bandarískt nám sem ekki fellur undir viðmið SALM. Inntökuskilyrði í SALM eru byggð á skilyrðum Evrópusamtaka sálmeðferðarfræðinga (EAP).

Umsækjandi skrifar undir að hann gangist undir siðareglur SALM. Aðild að félaginu er ekki veitt þeim sem hefur orðið uppvís að broti í starfi sem fellur undir siðareglur SALM eða hefur misst starfsleyfi sitt. Hafi umsækjandi ekki upplýst um slíkt við inngöngu, er heimilt að vísa félagsmanni úr félaginu.

Umsækjandi greiðir árgjald aðildar fyrir 1. mars en þá hækkar það um 20% og 1.apríl fellur aðild úr gildi.